

Ed.

298. Frumvarp til laga

[151. mál]

um breyting á lögum nr. 120 frá 31. des. 1976, um tollskrá o. fl.

Flm.: Albert Guðmundsson.

1. gr.

Eftirfarandi tollskrárnúmer og tollur í 1. gr. verði þannig:

			Frá 1/1 1977		Frá 1/1 1978		Frá 1/1 1979		Frá 1/1 1980	
			A	E	A	E	A	E	A	E
			%	%	%	%	%	%	%	%
39.07	19	Vörupallar úr plasti („plastpallets”)	0	0	0	0	0	0	0	0
39.07	20	Annað	22	12	19	8	16	4	12	0

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hinn 20. mars 1970 tók gildi ný reglugerð um eftirlit og mat á ferskum fiski. Í þeirri reglugerð er óvarið tré bannað til notkunar ef það kemst í snertingu við fisk. Þetta bann hefur þó ekki náð til trépalla sem hingað til hafa verið notaðir í fiskiðnaðinum til uppröðunar og hreyfingar á fiskafurðum, ef um beina snertingu hefur ekki verið að ræða. Hins vegar hefur það verið stefna Framleiðslueftirlits sjávarafurða að losna við tré úr fiskvinnslunni og ýta á að önnur efni verði notuð.

Til þessa hafa pallar úr plasti ekki verið fáanlegir, en nú er það breytt og „plastpallettur” fáanlegar frá norskum, sænskum og vestur-þýskum framleiðendum. Hafa ýmis fyrirtæki í fiskiðnaðinum hug á því að hagnýta þessa framför, en núverandi tollur á þessari vöru, 70%, útilokar það. Hér er því lagt til að þessari vöru verði fundinn tollflokkur og tollur felldur niður. Þessi tillaga hefur engin áhrif á tolltekjur ríkissjóðs.